

**Nd.** **497. Frumvarp til laga** [259. mál]  
um skattkerfisbreytingu.

(Eftir 2. umr í Nd., 13. mars.)

### I. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt,  
lögum nr. 7 23. mars 1972 og lögum nr. 60 30. apríl 1973,  
um breyting á þeim lögum.

#### 1. gr.

Í stað „55 000 kr.“ í A-lið 13. gr. laga nr. 68/1971 komi: 84 700 kr.  
Í stað „25 000 kr.“ í 1. mgr. D-liðs 13. gr. sömu laga komi: 38 500 kr. og í  
stað „15 000 kr.“ í 5. mgr. D-liðs 13. gr. komi: 23 000 kr.

#### 2. gr.

Í stað „800 kr.“ í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 60/1973,  
komi „1 500 kr.“.  
Í stað „5 000 kr.“ í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 68/1971 komi „9 500 kr.“.

#### 3. gr.

16. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 8. gr. l. nr. 7/1972) orðist svo:  
Frá hreinum tekjum heimilistastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar  
skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:  
A. Fyrir einstaklinga 238 000 kr.  
B. Fyrir hjón 355 000 kr.; telji þau fram hvort í sínu lagi, sbr. 2. mgr. 3. gr.,  
238 000 kr. hjá hvoru.  
C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun  
þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 50 000 kr. Hér með teljast stjúp-  
börn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.  
Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga  
milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt  
greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlags-  
greiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til  
frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.  
Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili  
og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar  
skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 96 000 kr., að viðbættum 11 000 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skatt-yfirvalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

#### 4. gr.

25. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 11. gr. 1. nr. 7/1972 og 5. og 6. gr. 1. nr. 60/1973) orðist svo:

I. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

Af fyrstu 100 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af 100 000—200 000 kr. tekjum greiðist 30%, en af tekjum yfir 200 000 kr. greiðist 40%.

II. Heimilisföstum mönnum hér á landi, sem skattskyldir eru skv. lögum þessum, sbr. 1. gr., skal veita skattaflátt frá tekjuskatti eins og hann er ákveðinn skv. I. tl. þessarar greinar. Skattaflátturinn skal vera sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 11 000 kr.

B. Fyrir hjón 18 500 kr.; telji þau fram hvort í sínu lagi, 11 000 kr. hjá hvoru.

C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður, 3 300 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með. Ef foreldrar búa saman ógift, skal skattafláttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal skattafláttur einnig skiptast til helminga milli þeirra.

D. Fyrir einstætt foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar börn sín, 6 500 kr. auk afsláttar skv. A-lið og 600 kr. fyrir hvert barn auk afsláttar skv. C-lið.

Skattafláttur skv. liðum A.—D. að framan má þó aldrei verða meiri en 6% af skattskyldum tekjum framteljanda skv. 7. gr. að teknu tilliti til ákvæða 8. gr., 10. gr., A-liðar 11. gr., sbr. 15. gr., 1. mgr. B-liðar 11. gr., C-liðar 11. gr. og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972 og lög nr. 60/1973.

Við 4. gr.

Sé manni ákveðinn hærri skattafláttur, skv. liðum A.—D. og málsgreininni næstu hér að framan, en nemur tekjuskatti skv. I. tl., og þá eins þegar tekjuskattur skv. I. tl. er enginn, skal ríkissjóður leggja fram fjárhæð, sem þessum mun nemur, sbr. þó ákvæði þessarar greinar um reglugerð um meðferð skattafláttar. Þetta fé telst ekki til skattskyldra tekna skv. 7. gr., og skal því fyrir hvern mann ráðstafað sem hér segir og í þessari forgangsröð, meðan það endist:

1. Til greiðslu þinggjalda, sem á manninn eru lögð á greiðsluárinu.

2. Til greiðslu útsvars og annarra gjalda til sveitarsjóðs, sem á manninn eru lögð á greiðsluárinu, að undanskildum fasteignagjöldum.

3. Sé framlag ríkissjóðs skv. 3. mgr. þessa liðar hærra en greiðslur skv. 1. og 2. hér að framan, skal því, sem umfram þær er, ráðstafað sem hér segir:

a. Til jöfnunar á námskostnaði, sbr. lög nr. 69/1972, og til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða annarrar fjárhagsaðstoðar ríkisins við námsmenn, þegar í hlut eiga menn, sem telja fram á skattárinu til frádráttar kostnað vegna náms síns.

b. Til greiðslu ógoldinna þinggjalda mannsins frá fyrri árum og síðan til greiðslu fasteignagjalda hans og ógoldinna gjalda til sveitarsjóðs frá fyrri árum, þegar í hlut eiga aðrir menn en um gat í a. hér að framan.

4. Sé fé enn óráðstafað að loknum greiðslum skv. 1.—3. hér að framan, skal það greitt viðkomandi manni.

Ráðherra ákveður með sérstakri reglugerð alla meðferð skattafsláttar skv. þessum lið. Í reglugerð skal tryggja eftir föngum, að skattafsláttar njóti ekki þeir, sem skattlausir eru vegna afskrifta eða annarra hliðstæðra ástæðna.

Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitarsjóðs er sameiginleg, er heimilt í reglugerð þessari að kveða svo á, að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangs röðinni.

- III. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skal vera 53% af skattgjaldstekjum.
- IV. Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr. að frádregnum skattafslætti skv. lið II þessarar greinar, skal fella niður við álagningu.
- V. Tekjuskatt, að frádregnum skattafslætti skv. lið II þessarar greinar, þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum, skal lækka sem hér segir:
  - A. Tekjuskatt, 10 000 kr. eða lægri hjá einstaklingum og 16 000 kr. eða lægri hjá hjónum, skal fella niður.
  - B. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 10 000 til 50 000 kr. skal lækka um fjárhæð, sem nemur 10 000 kr., að frádregnum fjórðungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 10 000 kr.
  - C. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 16 000 til 80 000 kr. skal lækka um fjárhæð, sem nemur 16 000 kr., að frádregnum fjórðungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 16 000 kr.

#### 5. gr.

53. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 10. gr. l. nr. 60/1973) orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr. og fjárhæðir í II. og V. lið þeirrar greinar, í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1975.

#### 6. gr.

4. másl. 5. mgr. 15. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á 41. gr laga nr. 68/1971, orðist svo:

Ríkisskattanefnd skal annast útgáfu úrskurða sinna árlega.

## II. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 61/1964, lög nr. 76/1967 og lög nr. 3/1970.

#### 7. gr.

1. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 61/1964) orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda, eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundraði — skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr.

Auk skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða í ríkissjóð söluskattauka og gilda ákvæði II. og IV. kafla laga þessara um söluskattaukann.

#### 8. gr.

12. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 3/1970) orðist svo:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framtöl, framtalsfresti, álagningu, innheimtu, gjalddaga og eindaga söluskatts.

Skattstjóri skal rannsaka söluskattskýrslu og leiðrétt skattinn, ef hann er rangt tilgreindur. Einnig skal skattstjóri áætla söluskatt af viðskiptum þeirra, sem ekki hafa skilað fullnægjandi söluskattskýrslu innan tilskilins tíma

Hafi einhver, sem greiða skal söluskatt, eigi gert fullnægjandi skil á eindaga, skal hann sæta viðurlögum samkvæmt 21. gr.

Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera fullnægjandi skil á skattinum eða viðurlögum, skv. 21. gr., á tilskildum tíma, með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til full skil eru gerð.

#### 9. gr.

Við 15. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Hafi skattstjóri grun um, að verulegur undandráttur á söluskatti hafi átt sér stað, skal hann senda ríkisskattstjóra skýrslu um málið. Þegar ríkisskattstjóra hefur borist slík skýrsla, skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.

#### 10. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um, að sem best samræmi sé í söluskattsákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt, er að söluskattsákvörðunum og söluskattsframtali lýtur, m. a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af dómum og úrskurðum, sem almennt gildi hafa.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknastjóri geta af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga þessara, og skal rannsóknadeild við embætti ríkisskattstjóra hafa með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum. Getu þessir aðilar í því skyni krafist allra upplýsinga hjá söluskattskyldum aðilum og öðrum, sem framkvæmd þessara laga varðar, á sama hátt og skattstjórar skv. 15. gr. Einnig hafa þeir heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim, sem ætla má, að geti gefið upplýsingar, er máli skipta.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um söluskattsákvörðun, og getur hann þá gert aðila söluskatt að nýju. Ætíð skal gera aðila viðvart í ábyrgðarbréfi, áður en söluskattur er reiknaður að nýju samkvæmt þessari grein. Heimilt er aðila að kæra slíka álagningu til ríkisskattanefndar eftir ákvæðum 13. gr.

#### 11. gr.

17. gr. laganna (sbr. 3. gr. 1. nr. 3/1970), er telja skal til II. kafla, orðist svo: Ráðherra er heimilt að ákveða, að í öllum verslunum, sölu- eða afgreiðslustöðum, þar sem söluskattur er innheimtur, skuli taka upp peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öll söluskattskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fjármálaráðuneytisins geti gengið úr skugga um, að allur innheimtur söluskattur komi fram. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

#### 12. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Sé söluskattur ekki greiddur á tilskildum tíma, skal aðili sæta viðurlögum til viðbótar skatti samkv. söluskattskýrslu. Sama gildir, ef söluskattskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og söluskattur því áætlaður, nema aðili hafi greitt fyrir eindaga söluskattsins upphæð, er til áætlunar svarar, eða gefið fyrir lok kæru- frests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Viðurlög skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 2% viðurlög af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 10%.

2. 1½% viðurlög til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga.

Við útreikning á viðurlögum á áætlaðan söluskatt telst eindagi sá sami og eindagi söluskatts þess mánaðar, sem áætlað er fyrir. Sama gildir um viðurlög á vangreiddan eða ógreiddan söluskatt eldri tímabila.

Sendi aðili fullnægjandi söluskattskýrslu innan kærufrests, skal hann greiða söluskatt samkvæmt skýrslunni auk viðurlaga skv. 2. mgr. þessarar greinar. Kæri aðili áætlaðan söluskatt, skal hann greiða söluskatt samkvæmt kærúrskurði auk viðurlaga skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Komi í ljós, að aðila, sem greiða átti söluskatt, hafi ekki verið áætlaður skattur eða áætlun verið lægri en sá skattur, sem honum bar að greiða, skal hann greiða þann skatt, sem honum bar, auk viðurlaga skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Fella má niður viðurlög samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, ef aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar, og geta skattyfirvöld metið það í hverju tilviki, hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Breyta má fyrri áætlun eftir lok kærufrests, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og fær aðili þá kærufrest að nýju, nema um lækkun á fyrri áætlun hafi verið að ræða.

Heimilt er að áætla söluskatt aðila, ef í ljós kemur, að söluskattskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald skv. lögum nr. 51/1968 eða ákvæði reglugerðar um söluskatt um tilhögun bókhalds. Jafnframt er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef í ljós kemur, að færsla á sölu í bókhald eða öðrum þeim þáttum, sem söluskattskýrsla á að byggjast á, styðst ekki við þau gögn, sem ákvæði reglugerðar um söluskatt mæla fyrir um, eða ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir á söluskattskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn, sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar á söluskattskýrslu, sbr. 15. gr. Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eiga einnig við um áætlanir skv. þessari málsgrein.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan, má gera aðila að greiða söluskatt 6 ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs, þegar álagning fer fram. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða fyrir dómstólum á söluskattskilum aðila, reiknast heimild til endurreiknings frá byrjun þess árs, þegar rannsókn hófst.

### 13. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína samkvæmt 2. og 4. mgr. 11. gr., misnotar skirteini það, sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr., eða vanrækir skyldu sína til að halda tilskilið bókhald, sbr. 27. gr. þessara laga, skal hann sæta sektum, allt að kr. 100 000, enda liggja ekki við brotinu þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum. Sömu sektum má beita þann, sem vanrækir eða tregðast við að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skýri söluskattskyldur aðili rangt frá einhverju því, er máli skiptir um söluskatt hans, og það hefur í för með sér, að hann greiðir lægri söluskatt en honum ber, skal hann auk hins undandregna söluskatts ásamt viðurlögum samkvæmt 21. gr. greiða sekt í ríkissjóð, er nema má allt að tífaldri fjárhæð hins undandregna söluskatts. Sömu sektum má beita þann, sem eigi hefur skilað söluskattskýrslu og afhent söluskatt á lögmæltum tíma.

Komi fram þau atvik, sem lýst er í 2. mgr., við skipti á dánarbúi, skal greiða úr búinu, auk hins undandregna söluskatts og viðurlaga samkvæmt 21. gr., tvöfalda fjárhæð hins undandregna söluskatts sem sekt.

Sektir samkvæmt 2. og 3. mgr. má reikna 6 ár aftur í tímann miðað við upphaf rannsóknar.

Nefnd, sem starfar samkvæmt 6. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 18. gr. laga nr. 7/1972, skal ákveða sektir samkvæmt 1. og 2.

mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að málinu verði vísað til dómstóla. Skattfyrirvöld ákveða sektir samkvæmt 3. mgr.

Sektir samkvæmt 1. og 2. mgr., sem úrskurðaðar eru af nefnd samkvæmt 5. mgr., skal gera á hendur hinum söluskattskylda aðila, hvort sem það er maður eða lögpersóna. Þær skulu njóta lögtaksréttar, og beita má ákvæðum 4. mgr. 12. gr. við innheimtu þeirra.

#### 14. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Afhendi söluskattskyldur aðili eigi á lögmæltum tíma þann söluskatt, er hann hefur innheimt eða bar að innheimta, eða séu framin önnur brot gegn lögum þessum, sem eigi eru úrskurðuð af nefnd eða skattfyrirvöldum samkvæmt 5. mgr. 25. gr., varðar það sektum allt að kr. 10 000 000. Ef um ítrekuð brot eða miklar sakir er að ræða, má auk sektar koma varðhald eða fangelsi allt að 6 árum.

Ákvæðum almennra hegningarlaga um sviptingu starfsréttinda og um hlutdeild skal beita um brot gegn lögum þessum.

Nú hefur maður, sem er í fyrirsvari félags, stofnunar, samtaka eða annars lög-aðila, framið athæfi, sem er refsivert samkvæmt 1. mgr., og er þá rétt að dæma nefndum lögáðila einnig fésekt samkvæmt 1. mgr. og sviptingu starfsréttinda, sbr. 2. mgr., enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögáðilann eða hann hafi haft ágóða af brotinu.

#### 15. gr.

Við 27. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Þá má ákveða í reglugerðinni, að söluskatt, söluskattauka, viðlagagjald af sölu-skattstofni, sbr. lög nr. 4/1974, og sérstakt gjald af söluskattstofni til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, sbr. lög nr. 5/1974, megi leggja á og innheimta í einu lagi og nefna til hagræðis safnheitinu: sölugjald. Ríkisbókhaldið skal síðan skipta sölu-gjaldinu milli aðila, eftir því sem lög mæla fyrir.

### III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt, og lögum nr. 101 21. desember 1973, um breyting á þeim lögum.

#### 16. gr.

1. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 101/1973) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 2% af greidd-um vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi rennur til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

#### 17. gr.

Ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 101/1973, falli niður.

### IV. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

#### 18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. I. kafli laganna kemur til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1973. II. kafla kemur þegar til framkvæmda. III. kafli tekur gildi 1. apríl 1974.

Úr gildi falla lög nr. 61/1964, um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, og lög nr. 3/1970, um breyting á sömu lögum.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, sem svarar söluskattauka skv. 7. gr. laga þessara nema sannað sé, að söluskattaukinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

#### II.

Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi, til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni söluskattauka skv. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 7. gr. þessara laga, en þó því aðeins, að vara sé tollafgreidd innan 6 daga frá gildistöku laga þessara.

#### III.

Í þeim mánuði, er lög þessi taka gildi, skulu framteljendur skila tveimur framtalsskýrslum, annarri vegna söluskattskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með gildistöku dags þessara laga, en hinni vegna sömu starfsemi frá og með næsta degi eftir gildistöku dags og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

#### IV

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1974 (lög nr. 110/1973) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim allt að 1500 millj. kr. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir í öðrum lögum en fjárlögum.